



Varðar: Rafstöðvarvegur 41, fsp

Lögð fram fyrirspurn Ingólfs Sigurðssonar, dags. 21. maí 2023, um að byggja lítið einbýlishús við hlið húss sem nú er verið að gera upp á lóð nr. 41 við Rafstöðvarveg.



Hluti AR 2040



Gildandi hverfisSKIPULAG

Skipulagsleg staða

Aðalskipulag

Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040 samþykkt í borgarstjórn 21. desember 2021 og birt í B-deild Stjórnartíðinda 18. janúar 2022.

Samkvæmt aðalskipulagi er Rafstöðvarvegur 41 á skilgreindu opnu svæði (OP27) – Árbæjarsafn. Opin svæði (OP) eru svæði fyrir útivist, aðallega í tengslum við þéttbýli, með aðstöðu sem almennri útivist tilheyrir, svo sem stígum og áningarstöðum, auk þjónustu sem er veitt á forsendum útivistar. (gr. 6.2.l. í skipulagsreglugerð).

Í aðalskipulaginu segir í kafla um opin svæði og Árbæjarsafn. „Safnasvæði Minjasafns Reykjavíkur í samspil við útivist.“

HverfisSKIPULAG

Í gildi er hverfisSKIPULAG fyrir Ártúnsholt dags. samþ. í borgarráði 11. október 2019.

Rafstöðvarvegur 41 er innan skilmálaeiningar Árbæjarsafn. Í hverfisSKIPULAGinu segir að svæðið hafi mikið sögulegt og umhverfislegt gildi en það geymir bæði fornminjar og menningarlandslag tilheyrandi gamla Árbænum og safnhús og skipulag Árbæjarsafns, sem er eitt elsta útisafn landsins.





Í skilmálum fyrir eininguna er byggingarmagn fyrir frekari flutningshús á svæðinu skilgreint, ef þörf er á að fjölga flutningshúsum á safnasvæðinu. Einnig eru gefnar heimildir fyrir nýbyggingum á svæðinu sem þjóna starfsemi safnsins.



Afstöðumynd.

Hverfisvernd

Verndarákvæði eru í gildandi hverfisskipulagi um skilmálaeiningu Árbæjarsafns og nýtur einingin hverfisverndar í gulum flokki vegna sögulegs og umhverfislegs gildis og sem merk minjaheild sem mikilvægt er að vernda sem slíka.

Verndarákvæðin eru:

- Innan reitsins er fjöldi friðaðra og friðlýstra húsa, en samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 104/2012 skal leita áhlits og/eða leyfis Minjastofnunar Íslands um allar breytingar á, niðurrif og flutning friðaðra og friðlýstra húsa og um endurbætur og viðhald á friðlýstum húsum.
- Safnsvæði Árbæjarsafns, ásamt húsi við Rafstöðvarveg 41 (hús án lóðar) sem hefur tengingu við sögu Árbæjar, nýtur jafnframt hverfisverndar í gulum flokki vegna sögulegs og umhverfislegs gildis og sem merk minjaheild sem mikilvægt er að vernda sem slíka.
- Í því felst að breytingar og viðbætur verði takmarkaðar og samræmdar og miðist við að viðhalda þeirri minjaheild sem svæðið felur í sér og samanstendur bæði af fornminjum og menningarlandslagi sem tilheyrir gamla Árbænum og safnhúsum og skipulagi Árbæjarsafns, eins elsta útisafns landsins.



Umsögn

Fyrirspurnin varðar byggingu lítills einbýlishúss við hlið húss sem nú er verið að gera upp á lóð nr. 41 við Rafstöðvarveg. Fyrirhugað einbýlishús yrði staðsett innan skilmálaeiningar Árbæjarsafns skv. hverfisSKIPulagi sem nýtur hverfisverndar vegna sögulegs og umhverfislegs gildis og sem merk minjaheild sem mikilvægt er að vernda sem slíka.

Ljóst er að fyrirhuguð nýbygging myndi hafa áhrif á þá minjaheild sem til staðar er á svæðinu en húsið við Rafstöðvarveg 41 hefur tengingu við sögu Árbæjar.

Jafnframt, samkvæmt hverfisSKIPulagi fyrir Ártúnsholt og skilmálaeiningar Árbæjarsafns, eru einungis gefnar heimildir innan skilmálaeiningarinnar fyrir nýbyggingum sem þjóna starfsemi Árbæjarsafns.

Niðurstaða

Með vísan í ofangreint er tekið neikvætt í fyrirspurnina.

F.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Þórður Már Sigfússon, skipulagsfræðingur og verkefnastjóri.

